

**3. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðar og heimildum skv. E-lið 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 og áorðnum breytingum skv. ákvæðum 3. og 9. tl. 7. gr. laga nr. 7 23. mars 1972 öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1975. Jafnframt falla úr gildi, eftir því sem við á, ákvæði 28. gr. og B-liðs 31. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt og 1. gr. reglugerðar nr. 79 10. mars 1966 um breyting á þeirri reglugerð. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð nr. 355 29. desember 1972 um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar.

*Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

27. ágúst 1974.

Nr. 258.

**AUGLÝSING**

**um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 112 12. júlí 1966.**

Grunngjöld samkvæmt ákvæðum gjaldskrár fyrir dýralækna nr. 112/1966 skulu innheimt með 20% álagi til viðbótar því 10% álagi, sem heimilað var með auglýsingu 15. september 1969.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 31 frá 5. maí 1970 um dýralækna, og öðlast gildi 1. september 1974.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

27. ágúst 1974.

Nr. 259.

**REGLUGERÐ**

**fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.**

**I. KAFLI**

**Um markmið skólans og skipulag.**

**1. gr.**

Markmið Stýrimannaskólans í Reykjavík er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

**2. gr.**

Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum:

1. stig farmanna og fiskimanna.
2. stig farmanna og fiskimanna.
3. stig farmanna.
4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins.